

71. Stjórnarfundur Hverfisnefndar Oddeyrar 3.október 2017

Mættir eru: Halldóra Konráðsdóttir, Jón Einar Jóhannsson, Vigfús Jóhannesson og undirritaður

- Rætt um umferðarhraða á m.a. Norðurgötu, Eyrarvegi og Völlunum. Umferð þarna getur verið þung og hröð og mikil umferð barna t.d. eftir Norðurgötu. Oft skapast hættulegar aðstæður. Hverfisnefnd veitir því upp, hvort fjölga mætti skiltum “Börn að leik” á svæðinu (t.d. Í Norðurgötu, Eyrarvegi) og bæta við “30” merki s.s. inn í miðjum Eyrarvegi og Norðurgötu. Einnig færanlegar hraðahindranir t.d. sunnarlega í Norðurgötu. Einnig mætti efla eftirlit lögreglu á svæðinu.
- Huga mætti betur að leikvelli á lóðinni Ránargötu 8. Þar eru leiktæki nokkuð farin að láta á sjá og illgresi sprottið, en völlurinn er nokkuð mikið notaður.
- Rætt var um mögulega lokun á grænu svæði á milli nyrsta hluta Ægisgötu og Hjalteyrargötu. Þarna eiga menn til, að hrúga óhrjálægum og jafnvel númerslausum bílum sem eru til óprýði og óþæginda. Hverfisnefnd leggur til léttu girðingu með staurum og kaðli e.þ.h. Band yrði síðan tekið niður að hausti þ.a. mögulegt væri að koma þarna fyrir snjóruðningum.

Á kaffihúsinu Símsstöðinni, Hafnarstræti 102,
3.október 2017

Arnór Bliki Hallmundsson, ritari stjórnar Hverfisnefndar Oddeyrar.